

## Minnisblað: Umhverfisvottun Vestfjarða

Taka þarf ákvörðun um áframhald vinnu við umhverfisvottun Vestfjarða. Sveitarfélögin þurfa að taka afstöðu til eftirfarandi:

1. Vilja sveitarfélögin áfram vinna að umhverfisvottun Vestfjarða?
2. Ef svar við fyrstu spurning er jákvætt:
  - a. Hvar á að vista verkefnið?  
Vestfjarðastofa er reiðubúin til að halda áfram vinnu FV við umhverfisvottunina en gera má ráð fyrir breyttum áherslum.
  - b. Ef vilji er til að haga stjórnun verkefnisins með öðrum hætti – hvernig verður því háttað?
3. Ef svar við fyrstu spurning er neikvætt: Hvernig vilja sveitarfélögin loka verkefninu?

### Breyttar áherslur:

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum getur skapað tækifæri á svæðinu. Miklu skiptir að við sem svæði nýtum þau tækifæri meðal annars til að skapa störf og draga inn á svæðið fleiri opinber störf. Vestfirðir ættu að vera í lykilstöðu meðal annars vegna þess að svæðið hefur þegar vottun til að byggja á því starfi.

Meðal markmiða framundan í tengslum við umhverfismál:

- Draga úr útblæstri kolefnis frá Vestfjörðum, ekki síst frá hnignandi landi.
- Efla almenna vitund um tengsl landnotkunar, umhverfisverndar og loftslagsbreytinga
- Draga úr sorp- og úrgangsmýndun, einkum notkun plasts og tengja það umhverfisvottuðum Vestfjörðum
- Auka þátttöku Vestfirðinga í gróður- og votlendisverndun ekki síst sauðfjárnænda
- Styðja fjölbreyttari starfsemi skóla og bæjarfélaga í skógrækt, notkun heimafengings efniviðar og náttúruupplifun með gróðri
- Auka skjól og fjölbreytni í gróðurfari með náttúrlega flóru í fararbroddi
- Hvetja til notkunar skóga og gróðurlendis í útikennslu í skólum
- Bæta tekjur ungra bænda á svæðinu með því að auðvelda þeim að gerast skógræktarbændur um leið og annar búskapur gæti dregist saman.
- Renna stoðum undir framhald og breikkun á umhverfisvottun Vestfjarða.
- Bæta við nýsköpun sem byggir á heppilegum staðháttum í þessum landshluta.

Verkefnisstjórn umhverfisvottunar er um það bil 50% starfshlutfall og er kostnaður við það um 6.000.000 ef aðeins er gert ráð fyrir launum og ferðakostnaði. Ef vilji sveitarfélaganna stendur til að halda áfram með umhverfisvottunarverkefnið og að það verði vistað hjá Vestfjarðastofu er hér lagt til að sveitarfélögin standi straum af 2/3 hluta kostnaðar við verkefnið.